

## 3. gr.

Ef í mjólk framleiðanda sem send hefur verið í mjólkurstöð finnast lyfjaleifar þá skal það innlegg ekki skráð, þar að auki verði innlegg mánaðar frá viðkomandi framleiðanda verðfellt um 8% af lágmarksverði mjólkur.

## 4. gr.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2005, en frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 294/2004 um sama efni.

*Reykjavík, 22. desember 2004.*

F. h. verðlagsnefndar búvöru,

**Ólafur Friðriksson** formaður.

## AUGLÝSING

### um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, vegna Ufsarveitu.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2004 staðfest breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun frá 15. ágúst 2002.

Breytingar verða á framkvæmdum í nágrenni fyrirhugaðs Ufsarlóns í Fljótssdalshreppi m.a. vegna niðurfellingar áður fyrirhugaðrar Bessastaðaveitu. Gert er ráð fyrir jöfnunargöngum, loftunarholum og þrýstijöfununarstokki í og við Jökulsárgöng og haugsvæði við Ufsarlón. Ennfremur breytist lega Hraunavegar með nýrri brú yfir Jökulsá í Fljótssdal neðan Ufsarstíflu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*